Tilvísun í mál: R14040177

140

Umsögn um hugmynd af Betri Reykjavík

Snjallsímaforrit fyrir Betri Reykjavík

Ákveðið hefur verið að smíða snjallsímaforrit (app) í anda City Sourced, Fix My Street, sem gefur borgarbúum kost á að láta vita hvað betur megi fara í borginni. Áætlað er að það verði orðið aðgengilegt í byrjun árs 2015.

Um verður að ræða forrit sem gerir fólki kleift að skrá ábendingar í síma og senda til borgarinnar ásamt mynd og staðsetningu. Notandi mun svo geta fylgst með hvað verður um ábendinguna. Sjálfsagt er að tengja appið eða vísa á það á samráðsvefnum Betri Reykjavík.

Hreinn Hreinsson
Vefritstjóri